

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2000/74/EB

2002/EES/12/17

frá 22. nóvember 2000

## um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 93/29/EBE um merkingu stjórnrofa, gaumljósa og merkjabúnaðar á vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur eða þremur hjólum(\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,  
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 92/61/EBE frá 30. júní 1992 um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum<sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/7/EB<sup>(2)</sup>, einkum 16. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 93/29/EBE frá 14. júní 1993 um merkingu stjórnrofa, gaumljósa og merkjabúnaðar á vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur eða þremur hjólum<sup>(3)</sup>, einkum 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun 93/29/EBE er ein sértilskipananna sem fjalla um gerðarviðurkenningaraðferð bandalagsins sem var tekin upp með tilskipun 92/61/EBE. Ákvæði tilskipunar 92/61/EBE um kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar ökutækja eiga því við um þá tilskipun.
- 2) Vegna tækniþróunar er nú unnt að laga tilskipun 93/29/EBE að tækniframförum. Til að tryggja snurðulausa virkni gerðarviðurkenningarkerfisins í heild er því nauðsynlegt að skýra eða bæta við tilteknar kröfur í viðkomandi tilskipun.
- 3) Í þessu skyni ber að samræma kröfur varðandi merkingu og auðkenningu tiltekinna tákna við kröfur tilskipunar ráðsins 78/316/EBE frá 21. desember 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi innri stjórnubúnað vélknúinna ökutækja (merkingu stjórnrofa, gaumljósa og merkjabúnaðar)<sup>(4)</sup>, eins og henni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/91/EBE<sup>(5)</sup>, og skýra ber nánar tiltekin atriði sem fram koma í upplýsingaskjalinu.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun að tækniframförum sem komið var á fót með 13. gr. tilskipunar ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum

þeirra<sup>(6)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/40/EB<sup>(7)</sup>.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. og II. viðauka við tilskipun 93/29/EBE er hér með breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Frá og með 1. janúar 2002 er aðildarríkjum óheimilt, af ástæðum er varða merkingu stjórnrofa, gaumljósa og merkjabúnaðar:

— að synja um EB-gerðarviðurkenningu fyrir gerð vélknúinna ökutækja sem eru á tveimur eða þremur hjólum, eða

— að banna að ökutæki, sem eru á tveimur eða þremur hjólum, verði skráð, seld eða tekin í notkun,

ef merking stjórnrofa, gaumljósa og merkjabúnaðar er í samræmi við kröfur tilskipunar 93/29/EBE eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

2. Frá og með 1. júlí 2002 skulu aðildarríkin synja um EB-gerðarviðurkenningu fyrir nýja gerð vélknúins ökutækis, sem er á tveimur eða þremur hjólum, af ástæðum er varða merkingu stjórnrofa, gaumljósa og merkjabúnaðar ef kröfunum í tilskipun 93/29/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, er ekki fullnægt.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 2001. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 1. janúar 2002.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 300, 29.11.2000, bls. 24, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2001 frá 19. júní 2001 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 44, 6.9.2001, bls. 5.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 225, 10.8.1992, bls. 72.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 106, 3.5.2000, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 188, 29.7.1993, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 81, 28.3.1978, bls. 3.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 284, 19.11.1993, bls. 25.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 42, 23.2.1970, bls. 1.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 203, 10.8.2000, bls. 9.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*4. gr.*

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

*5. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. nóvember 2000.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Erkki LIIKANEN

*framkvæmdastjóri.*

## VIÐAUKI

I. Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á I. viðauka:

1. Í stað liðar 2.1.1 komi eftirfarandi:

„2.1.1. Táknið skulu vera skýrt aðgreind frá bakgrunninum.“

2. Liður 2.1.5. breytist sem hér segir:

— eftirfarandi bætist við yfirskrift myndar 3:


„Athugasemd: ef gaumljós fyrir vinstra og hægra stefnuljós eru aðskilin er einnig heimilt að nota övarnar tvær, hvora í sínu lagi.“

— í stað myndar 12 komi eftirfarandi:

„Mynd 12

**Þokuljós að aftan (³)**

Litur gaumljóss: gulur“



— í stað yfirskriftarinnar yfir mynd 13 komi eftirfarandi:

„Mynd 13

**Stjórnrofi fyrir ræsingu eða stöðvun hreyfils í stöðunni „ekki í notkun“**“

— í stað yfirskriftarinnar yfir mynd 14 komi eftirfarandi:

„Mynd 14


**Stjórnrofi fyrir ræsingu eða stöðvun hreyfils í stöðunni „í notkun“**“

— í stað myndar 15 komi eftirfarandi:

„Mynd 15

**Almennur ljósarofi**

Litur gaumljóss: grænn“



— í stað yfirskriftarinnar yfir mynd 16 komi eftirfarandi:

„Mynd 16

**Stöðu(hliðar)ljós**

(ef stjórnrofinn er ekki aðskilinn má auðkenna hann með táknið sem er sýnt er á mynd 15)

Litur gaumljóss: grænn“

- mynd 17 falli brott.
- myndir 18 og 19 verði 17 og 18, í þeirri röð.
- í stað athugasemdar <sup>(1)</sup> komi eftirfarandi:

„<sup>(1)</sup>Heimilt er að svæðið innan rammans sé litað.“

II. Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á II. viðauka:

Í stað 1. viðbættis komi eftirfarandi:

„*1. viðbætur*

**Upplýsingaskjal varðandi merkingu stjórnsrofa, gaunljósa og merkjabúnaðar á gerð vélknúinna ökutækja sem eru á tveimur eða þremur hjólum**

(skal fylgja með umsókn um gerðarviðurkenningu íhluta ef hún er ekki lögð fram á sama tíma og umsókn um gerðarviðurkenningu á ökutækinu)

Pöntun nr. (undirrituð af umsækjanda):

Með umsókn um gerðarviðurkenningu íhluta með tilliti til merkingu stjórnsrofa, gaunljósa og merkjabúnaðar á gerð vélknúinna ökutækja sem eru á tveimur eða þremur hjólum skulu fylgja upplýsingarnar sem um getur í eftirfarandi liðum A-hluta II. viðauka við tilskipun ráðsins 92/61/EBE:

- 0.1
  - 0.2
  - 0.4 til 0.6
  - 9.2.1.“
-